

Fundargerð Skólaráðs Víkurskóla 16. nóvember 2023

Mættir: Þuríður Óttarsdóttir, Björg Sigrún Ólafsdóttir, Unnar Jóhannsson, Líney Björg Sigurðardóttir, Erna Þórey Jónsdóttir, Jón Bjartur Atlason, Júlía Mekkin Guðjónsdóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir og Margrét Lilja Gunnarsdóttir

Forföll: Einar Lárusson, Fjóla Karlsdóttir,

1. Niðurstöður Víkurskóla í lesfimiþrófum, sem lögð voru fyrir í september kynntar. Skólinn er undir viðmiðum MMS en að mestu leyti á pari við niðurstöður á landsvísu. Rætt um niðurstöður á milli árganga. Nemendur koma verst út í september en hækka gjarnan á milli september og janúar og svo aftur í maí. Lesfimiþrófin í janúar verða lögð fyrir í uglutímum, þannig að það fer minni tími í fyrirlögnina og verður vonandi afslappaðra. Nemendur sem eru undir viðmiði eitt fara í lestrarátak í samstarfi og samráði við foreldra.
2. Niðurstöður í viðhorfskönnun nemenda frá því í október kynntar. Almennt er viðhorf nemenda jákvætt og þeim líður í heildina vel. Rætt var um símamálin og hvernig gengur að hafa hemil á símunum og hvað er símalaus skóli og hvað ekki. Ef það eru einstakir nemendur þar sem síminn er vandamál þá reynum við að vinna það á einstaklingsgrundvelli.
3. Niðurstöður frá Rannsókn og greiningu kynntar. Skólinn bregst við þessum niðurstöðum með aukinni áherslu á forvarnarfræðslu og með því að upplýsa foreldra.
4. Niðurstöður Skólalokunarinnar í september kynntar.
5. Rætt um seinkun á skólabyrjun hjá unglingum í Reykjavík, það liggur fyrir tillaga um að seinka skólabyrjun til kl. 9 næsta vetur. Rætt um hvaða áhrif það hefur á íþróttæfingar og félagsmiðstöðvar. Ef þetta verður samþykkt þá þarf að huga að öðrum þáttum eins og íþróttæfingum og félagsmiðstöðvastarfsemi þar sem skólalok verða seinni að deginum. Það er ekki ljóst hvort þessu fylgir stytting á skóladeginum til að koma þessu heim og saman. Skólaráð Víkurskóla er samþykkt þessari tillögu um seinkun skólabyrjunar og leggur til að viðmiðunarstundatafla verði endurskoðuð og að skóladagurinn verði stytur á móti. Einnig er mikilvægt að þetta verði metið og krakkarnir hafðir með í ráðum. Við treystum kennurum fyllilega til að nýta tímann á sem bestan hátt og koma viðfangsefnum til nemenda á skemmri tíma en nú er ætlaður.
6. Önnur mál
 1. Spurt um Thinking classroom sem er ný kennsluáferð í stærðfræðinni. Það kom fram að einkunnir úr könnunum geta lækkað ef hegðun er slæm. Það ætti ekki að vera þannig og verður skoðað.
 2. Rætt um uglurnar og skipulagið á þeim.

Fundi slitið kl. 9:23

Fundarritari: Vala Nönn Gautsdóttir